



# Lífeyrisgáttin

Heildarsýn á ellilífeyrisréttindi þín í samtryggingarsjóðum.

**1. Hvar finn ég Lífeyrisgáttina?** Þú getur fundið Lífeyrisgáttina neðst til hægri á heimasíðu Brúar lífeyrissjóðs eða efst uppi í gegnum Sjóðfélagavef.

**2. Hvernig kemst ég inn í Lífeyrisgáttina?** Þú skráir þig inn á Sjóðfélagavefinn með skilríki í síma, á korti eða með kennitölu og lykilorði. Ef þú átt ekki lykilorð þá geturðu stutt á hnappinn „Sækja um aðgang að vef“ þá birtist nýr gluggi þar sem þú fyllir inn kennitölu og stafi sem birtast. Lykilorðið er sent í heimabankann þinn og þar getur þú fundið hann undir „Rafræn skjöl“: Veflykill frá Brú lífeyrissjóði.

**3. Hvernig birtist Lífeyrisgáttin?** Þegar þú ert búinn að skrá þig inn á sjóðfélagavefinn ferðu á flipann „Réttindi“ og þar undir birtist LÍFEYRISGÁTTIN, smellir á flipann og þá birtist eftirfarandi:

Hér birtast áunnin ellilífeyrisréttindi þín í samtryggingarsjóðum.

Upplýst samþykki og fyrirvarar:

Þú þarft að samþykkja upplýst samþykki og fyrirvara til að fá upp listann sem sýnir ellilífeyrisréttindi þín í samtryggingarsjóði.

**4. Dæmi um efnisatriði sem birtast á lista yfir réttindi þín:**

Sjóður	síðast greitt*	Tegund réttinda**	Réttindi 65 ára	Réttindi 67 ára	Réttindi 70 ára	Athugasemd
(ath nöfn hér neðar tilbúin)						
Lsj. Skáldkvenna	2013-08	Krónur á mánuði	131.868	154.920	195.819	
Lífeyrissjóður stangveiðimanna	1995-7	Krónur á mánuði	12	14	17	
Lsj. Tölvuþrjóta	2006-5	Krónur á mánuði				Ekki náðist samban
Lífeyrissjóður Þrjónakarla	1988-3	Hlutfall af launum	7,90%			
Lífeyrissjóður sundgarpa	2000-1	Krónur á mánuði	2379	2.724	3.459	
<b>Samtals réttindi á mánuði (án hlutfallsréttinda)</b>			<b>134.259</b>	<b>157.658</b>	<b>199.295</b>	
<b>Skýringar:</b>						
Mánaðarlegur lífeyrir er verðtryggður og breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs.						
*Athuga ber að dagsetning síðustu greiðslu kann að vera röng þar sem hún uppfærast í Lífeyrisgáttinni á 6 mánaða fresti.						
**Ef tegund réttinda í sjóð er „Hlutfall af launum“ þá eru sýnd áunnin ellilífeyrisréttindi þar sem fjárhæð reiknast sem hlutfall af launum.						
<b>Fyrirvari</b>						
Í Lífeyrisgátt lífeyrissjóða eru upplýsingar um áunnin réttindi til ellilífeyris sem er greiddur til æviloka en sjóðirnir veita jafnframt áfallatryggingu í formi örorku,- maka- og barnalífeyris.						
Upplýsingar frá hverjum og einum lífeyrissjóði eru fengnar úr réttindabókhalda þess lífeyrissjóðs og eru á ábyrgð hans.						
Þar sem réttindi í sjóðunum eru byggð upp með mismunandi hætti er mjög mikilvægt að leitað sé til viðkomandi lífeyrissjóðs um allar nánari upplýsingar. Ef þú „smellir“ á nafn lífeyrissjóðs færast þú yfir á heimasíðu hans.						
Athugið að í Lífeyrisgáttinni eru ekki upplýsingar um inneign í séreignarsjóðum. Upplýsingar sýna lífeyrisgreiðslur fyrir skatta.						
Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum eins og venjulegum launagreiðslum.						